

Subject: Re: Fwd: Þorláksbúð
From: Uggi Ævarsson <uggi@fornleifavernd.is>
Date: 15-12-2011 14:40
To: Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson <vilhjalmur@mailme.dk>

Sæll vertu Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson

Hef ekki komist í að svara þér fyrr en núna:

Eins og ég skyldi málið hafði fyrir margt löngu kviknað sú hugmynd að „byggja upp“ Þorláksbúð. Má sjá það í „Endurskoðaðri tillögu að deiliskipulagi“ Skálholts frá í ágúst 1995 (Manfred Vilhjálmsson og Reynir Vilhjálmsson). Víða virðist hafa verið mikill áhugi á framkvæmdunum og einhverjir töldu sig vera með vilyrði fyrir slíku í höndum. Ég sá aldrei formlegt leyfi til þess arna en á 10. áratugnum var rætt við Þjóðminjasafnið um slíka framkvæmd og þar á bæ voru framkvæmdirnar ekki blásnar af þó svo að skriflegt leyfi hafi ekki endilega verið veitt.

Eins og gengur þá eru slíkar ákvarðanir ekki alltaf rekjanlegar í kerfinu og satt best að segja veit ég ekki í smáatriðum hvernig á málum var haldið áður en málið kom inn á borð til mín 2009.

Að vel ígrunduðu máli tók Fornleifavernd ríkisins þá ákvörðin, þegar málið var tekið upp aftur 2009, að veita leyfið með skilyrðum og að undangenginni rannsókn á téðri tóft eins og lesa má um í skeyti mínu dags. 14.04.2010.

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson
Minjavörður Suðurlands / Cultural Heritage Manager of Southern Iceland
Fornleifavernd ríkisins / Archaeological Heritage Agency of Iceland
Skógum undir Eyjafjöllum
861 Hvolsvöllur
Iceland
tel: +354 4878850 / 8988852
@: uggi@fornleifavernd.is
www.fornleifavernd.is

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson
<vilhjalmur@mailme.dk>

14.12.2011 09:42

To Uggi Ævarsson <uggi@fornleifavernd.is>
cc Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@fornleifavernd.is>
Subject Fwd: Þorláksbúð

Sæll Uggi Ævarsson,

ég var í þessu að fá upplýsingar frá Krístinu Huld Sigurðardóttur. Mig langar til að biðja þig um að útskýra þessa setningu sem er að finna í embættisbréfi þínu dags. 14.4. 2010 :

"Að öllu jöfnu leyfir FVR ekki að byggt sé ofan í tóftir en eins og málum er háttað í Skálholti hefur verið gefið leyfi til að byggja ofan í tóft Þorlákshúðar. Sú ákvörðun stendur á gömlum grunni, hefur sinn aðdraganda sem ekki verður tíundaður hér."

Hvenær hafði verið gefið leyfi til að byggja ofan í tóft Þorlákshúðar? Hvaða gömlum grunni stendur sú ákvörðun á, og hvaða aðdraganda hafði hún, þó svo að hann sé ekki tíundaður í bréfi þínu þann 14. apríl 2010?

Virðingarfyllt

Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, ph.d. fornleifafræðingur
www.fornleifur.blog.is

----- Original Meddelelse -----

Subject: Þorlákshúð

Date: Wed, 14 Dec 2011 09:22:54 +0000

From: Kristín Huld Sigurðardóttir <kristinhuld@fornleifavernd.is>

To: vilhjalmur@mailme.dk

Meðfylgjandi er bréf sem þú óskaðir eftir í tölvupósti 13. 12. 2011.
mbk,

Kristín Huld Sigurðardóttir PhD
Forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins/General Director - The Archaeological
Heritage Agency of Iceland
kristinhuld@fornleifavernd.is
Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 5556630 bréfsími:5556631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is

Vinsamlegast athugið að tölvupóstur þessi og viðhengi við hann eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Tölvupósturinn og viðhengi hans gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Sjá nánar:
<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Please note that this e-mail and its attachments are intended for the named addressee only and may contain information that is confidential and privileged. Further information:
<http://raduneyti.is/interpro/stjr/stjr.nsf/pages/postur>

Bláskógabyggð
Félagsheimilinu Aratungu
801 Selfoss



Fornleifavernd ríkisins
Minjavörður Suðurlands

Skógum, 861 Hvolsvollur

Heimasíða: www.fornleifavernd.is
uggi@fornleifavernd.is

14. apríl 2010

Fvr 2010040021/UÆ

Þorláksbúð í Skálholti - endurbygging/tilgátubygging

Fornleifavernd ríkisins (FVR) hefur borist umsagnarbeiðni vegna deiliskipulags í Skálholti, Bláskógabyggð. Málið snýst um að reisa svonefnt „skrúðhús“ skammt norðnorðaustan við Skálholtskirkju, ofan í þá tóft sem nefnd hefur verið Þorláksbúð. Sigurður Sigurðarson víglsbiskup í Skálholti og Árni Johnsen alþingismaður eru í forsvari fyrir *Félag til endurreisnar Þorláksbúðar* og eru forgöngumenn verkefnisins. Talið er að Ögmundur Pálsson biskup í Skálholti á öndverðri 16. öld hafi látið reisa búðina eftir að Skálholtskirkja brann.

Á 6. áratug 20. aldar – sumarið 1954 – fóru fram fornleifarannsóknir í Skálholti sem Kristján Eldjárn stýrði. Þá var grafið í tóft Þorláksbúðar sem þá var kölluð skemma. Svo virðist sem þá hafi verið alveg grafið inn úr tóftinni og einnig þvert á veggina sem voru svo lagfærðir að greftri loknum.

Sumarið 2009 var aftur grafið í Þorlákshúsið af fornleifafræðingum Fornleifastofnunar Íslands ses. (Mjöll Snæsdóttir, 2009. FS435-09041) vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Þorlákshúsið. Þar kom fram að lítið sem ekkert var eftir af mannvistarlöngum sem tilheyrðu húsinu. Hinsvegar kemur þar fram að eldri veggir sjást undir þeim veggjum sem nú sjást á yfirborði. Ennfremur þykir ljóst að töluvert var átt við veggina eftir uppgröftinn frá 1954, bæði inn- og útbrúnir þeirra hafi verið lagfærðar. Komið var niður á grafir sem kom engum á óvart í sjálfu sér því alþekkt er að kirkja hefur lengi verið á þeim slóðum sem hún er nú. Lengi vel stóðu kirkjur í miðju kirkjugarða. Þar sem skemmst er niður á hugsanlegar grafir er í "skurði D" og eru þar 30 – 40 cm frá yfirborði.

Að öllu jöfnu leyfir FVR ekki að byggt sé ofan í tóftir en eins og málum er háttað í Skálholti hefur verið gefið leyfi til að byggja ofan í tóft Þorlákshúðar. Sú ákvörðun stendur á gömlum grunni, hefur sinn aðdraganda sem ekki verður tíundaður hér. Allir hlutaðeigandi aðilar eru sammála um að „lágmarka skaðann“ með öllum ráðum. Hönnun hússins tekur því mið af þeirri viðleitni. Ekki verður ráðist í jarðvinnu við framkvæmdina: veggir tóftarinnar verða látnir halda sér. Grasrótin verður tekin ofan af veggjum og innan úr tóftinni en ekkert farið neðar en sem nemur grasrótinni. Jarðvegs- eða takkadúkur verður settur ofan á vegg og „gólf“ til að skilin verði greinileg, þ.e. hvað er gamalt og hvað eru viðbætur. Veggir Þorlákshúðar-tóftar eru óvenju breiðir og var því ákveðið að nýta það og byggja nýju veggina ofan á ytri helming gömlu veggjanna en innri hluti gömlu veggjanna verður eins og nokkurs konar set inni í nýja húsinu.

Að líkindum þarf að koma kapli fyrir rafmagn og vatn inn í húsið og verður það gert með mikilli gát, fornleifafræðingur mun vera við það verk sem og þegar grasrótin verður tekin ofan af veggjum og innan úr tóftinni.

Gunnar Bjarnason smiður er megin hönnuður hinnar nýju byggingar og mun sjá um tréverkið. Þar fer maður með reynslu af viðhaldi gamalla húsa og getgátusmiði. Hleðslumaðurinn Víglundur Kristjánsson sér um torf- og grjóthleðslur og er hann einnig vanur maður.

Minjavörður Suðurlands samþykkir hér með fyrirhugaða byggingarframkvæmd með ofangreindum skilyrðum, nefnilega að fornleifafræðingur standi yfir verkinu á meðan verið er að taka grassvörðinn af og yfir allri jarðvinnu og að verkið allt verði unnið í samræmi við það sem talað hefur verið um og tæpt er á hér að ofan.

FVR minnir að lokum á 13. grein þjóðminjalaga nr. 107/2001 en þar segir m.a.:
Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.

Virðingarfyllst,

Uggi Ævarsson

afrit: Skipulagsstofnun

@: helgi@sudurland.is; petur@sudurland.is